

Hverfisnefnd Naustahverfis,

33. fundur 5. september 2011.

Mættir: Anna Sjöfn, Ásdís, Bjarni ,Björk, Gísli, Hrafnhildur og Ómar.

1. Erindi til framkvæmdaráðs.

Erindi sem hverfisnefndin sendi til framkvæmdaráðs Akureyrarbæjar þann 31. Maí var tekið fyrir hjá ráðinu þann 20. Júní og nokkrum atriðum svarað en alls ekki öllum. Erindi hverfisnefndar frá 21.mars hefur ekki verið svarað formlega og var nefndin sammála um að Hrafnhildur hefði samband við framkvæmdadeild og krefðist formlegra svara eða að fulltrúar skipulagsráðs og framkvæmdadeildar funduður með hverfisnefndinni.

2. Fundur vegna Dalsbrautar.

Rætt um væntanlegar fund vegna lagningar Dalsbrautar sem haldinn verður í Lundaskóla n.k. fimmtudag 8. september í Lundaskóla. Ákveðið var að nefndin dreifi auglýsingu í öll hús í hverfinu til að vekja athygli íbúa á fundinum þar sem Dalsbrautin er mikið hagsmunamál fyrir íbúa hverfisins og áframhaldandi uppbyggingu þess.

3. Aðalfundur.

Ákveðið að stefna á að halda aðalfundinn 29. september, eftir er að ath. hvort húsnæðið er laust og fleira. Björk hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í hverfisnefnd, einnig er ljóst að Hrafnhildur verður ekki í nefndinni áfram þar sem hún er flutt úr hverfinu. Ákveðið að Bjarni komi með kleinur á fundinn.

4. Næsti fundur.

Ákveðið að halda næsta fund til undirbúnings aðalfundar þann 20. september.

Fleira var ekki rætt.

Fundargerð ritaði Anna Sjöfn.